



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundinn flutning leikskólans Grandaborgar

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki tímabundinn flutning á starfsemi leikskólans Grandaborgar, Boðagranda 9 og að starfsemin flytjist í færnanlegt hús við leikskólann Hagaborg. Gert er ráð fyrir að breytingin nái til 1. mars 2025 og að þá verði öll starfsemi að nýju að Boðagranda 9 Reykjavík.

Greinargerð:

Við ástandsskoðun fundust rakaskemmdir og mygla í húsnæði Grandaborgar en einnig hafði skólprör í kjallara farið í sundur og jarðvegur mikið blautur vegna þess. Starfsemin var flutt annað í lok árs 2022. Leikskólinn er núna í nýju færnanlegu húsnæði við leikskólann Hagaborg en hafði á undan því verið í leikskólunum við Eggertsgötu, Nauthólsvegi og svo húsnæði í Kringlunni 1.

Verið er að klára útboðsgögn til að senda út. Þegar verktaki er kominn með verkið má gera ráð fyrir um einu ári í framkvæmdir. Því er raunhæft að gera ráð fyrir að Grandaborg flytji í endurgert húsnæði í byrjun árs 2025.

Það er margt sem verður lagfært í framkvæmdum og m.a. komið fyrir dreni og einangraður sökkul, sett loftræstikerfi með varma endurnýtingu, sett gólfhitakerfi, fræst í gólf og hætt með ofnakerfi, skipt um öll gólfefni, skipt út gluggum, einangrað og húsið klætt og hljóðvist bætt.